

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Sólhvamm.

1. gr.

Félag eldri borgara í Austur-Húnavatnssýslu, sem er fulltrúi alls eldra fólks í sýslunni, stofnar hér með sjálfseignarstofnun um arf Hallgríms Heiðars Steingrímssonar frá Hvammi í Vatnsdal. Sjálfseignarstofnunin heitir Sólhvammur. Heimili og varnarþing hennar er á Blönduósi.

2. gr.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er sá kvaðaarfur, sem Hallgrímur Heiðar Steingrímsson frá Hvammi í Vatnsdal arfleiddi eldri borgara í sýslunni af með þeirri kvöð, að arfurinn renni til kaupa á íbúð á Blönduósi fyrir aldraða. Stofnféð er á stofndegri að upphæð kr. 8.390.277 og skulu kr. 600.000 (sex hundruð þúsund) haldast óskertar að raungildi.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að kaupa íbúð fyrir aldraða á Blönduósi í samræmi við ákvæði gjafarinnar og leigja út til eldri borgara sýslunnar á hóflegu verði til að geta staðið undir rekstri hennar.

4. gr.

Stofnuninni er heimilt að taka við framlögum og gjöfum sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á íbúðum fyrir aldraða í sýslunni.

5. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur fulltrúum, sem kosnir eru á aðalfundi Félags eldri borgara í Austur-Húnavatnssýslu, til fjögurra ára í senn. Þá skal og kjósa 1 fulltrúa í stjórnina til vara. Á svipaðan hátt skulu kosnir tveir endurskoðendur.

6. gr.

Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum og kýs sér formann, ritara og varaformann. Skal formaður annast fjárreiður stofnunarinnar. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála á stjórnarfundum.

Meðal verkefna stjórnarinnar er að sjá um kaup og rekstur íbúða fyrir aldraða á Blönduósi. Til greina kemur að stofnunin eignist fleiri en eina íbúð og er það á valdi stjórnarinnar að meta það.

Stjórnin semur fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og ábyrgist gerð ársreikninga. Áætlunin og ársreikningar skulu lagðir fram á aðalfundi félags eldri borgara í Austur-Húnavatnssýslu til staðfestingar.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi lýtur ákvæðum laga nr. 19 frá 5. maí 1988.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari eða ákvörðun um að hætta rekstri stofnunarinnar skulu samþykktar af stjórn stofnunarinnar og af Félagi eldri borgara í Austur-Húnavatnssýslu.

Verði sjálfseignarstofnunin lögð niður skulu allar eignir hennar renna til hagsbóta fyrir eldri borgara í Austur-Húnavatnssýslu.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. maí 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.